



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um kostnað vegna kaupa, uppsetningar og reksturs eftirlitsmyndavéla

Á fundi borgarráðs þann 25. maí 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokksins:

Hver er árlegur kostnaður Reykjavíkurborgar vegna kaupa, uppsetningar og reksturs eftirlitsmyndavéla í borginni? Óskað er eftir kostnaði frá árinu 2012, skipt eftir árum. Einnig er óskað eftir kostnaði sem fellur á Reykjavíkurborg vegna samkomulags um verklag og forgangsröðun við kaup, uppsetningu og rekstur á öryggismyndavélakerfi í miðborg Reykjavíkur, dagsett þann 6. mars 2023. Það samkomulag er á milli Reykjavíkurborgar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar ohf. og fjallar um kaup, uppsetningu og rekstur á öryggismyndavélakerfi í miðborg Reykjavíkur. Þar kemur framað hlutverk Reykjavíkurborgar sé að kaupa öryggismyndavélar til uppsetningar í Reykjavík í samræmi við fjárhagsáætlun hvers árs, hvort sem um er að ræða nýjar myndavélar eða endurnýjun á eldri vélum, og telst eigandi öryggismyndavélanna. Reykjavíkurborg greiðir jafnframt fyrir nauðsynlegan hugbúnað á löggæslumyndavélum og greiðir fyrir uppfærslur á honum. Hver er kostnaðurinn við það?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 29. maí sl.

Svar:

Samkvæmt nýlegri athugun Innri endurskoðunar og ráðgjafar (IER)¹ fer eftirlitsmyndavélum á vegum Reykjavíkurborgar fjölgandi. Talið er að nú séu að minnsta kosti 830 myndavélar virkar á um 82 stöðum í borgarlandinu. Flestar myndavélar eru á vegum menningar- og íþróttasviðs, eða rúmlega 300. Skóla- og frístundasvið hefur um 195 myndavélar á sínum vegum og velferðarsvið um 176 vélar. Þar sem kostnaður dreifist um allt borgarkerfið og niður á einstaka stofnanir og ekki samræmt á lykla liggur ekki fyrir heilstætt yfirlit heildarkostnaðar vegna uppsetningar og reksturs eftirlitsmyndavéla í borginni.

¹ https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/IER22110017_Eftirlitsmyndav%C3%A9lar%20%C3%A1%20vegum%20Reykjav%C3%ADkurborgar_25.10.2023.pdf



Reykjavíkurborg

Kostnaður Reykjavíkurborgar við kaup og uppsetningu á öryggismyndavélakerfi í miðborginni í samræmi við samkomulag á milli borgarinnar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar ohf. frá 6. mars 2023 er samtals 10.628.325 kr. miðað við stöðuna 6. desember 2023. Kostnaður vegna þessa samnings er greiddur af skrifstofu upplýsingatækniþjónustu á Þjónustu- og nýsköpunarsviði og er fjármagnað af fjárfestingaáætlun.

Þorsteinn Gunnarsson
borgaritari